

1064. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 08. júní 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, og Árni Leósson sem ritar fundargerð. Gestir fundarins voru: Helga Árnadóttir sviðsstjóri, og Herdís Magnúsdóttir starfsmannastjóri.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:45 eftir hópmýndatöku.

1. Fundargerðir síðustu funda

Stefán Einar kynnti fundargerðir síðustu þriggja funda til samþykktar. Það eru fundargerðir funda nr. 1061, 1062 og 1063. Engar athugasemdir höfðu borist og voru fundargerðirnar samþykktar og undirritaðar.

2. Fjárhagsmálefni:

Undir þessum dagskrárlið tók til máls gestur fundarins, Helga Árnadóttir sviðsstjóri rekstrar- og fjármálasviðs:

a. Ársfjórðungsuppgjör

Helga kynnti ársfjórðungsuppgjör og lagði fram skjalið „Uppgjör – janúar/mars 2011“. Fór hún yfir helstu tölur í uppgjörinu og útskýrði hvað lá að baki. Við erum að horfa uppá 107 milljón króna afgang og þakkaði Helga það helst að ávöxtun hafi farið fram úr væntingum og auk þess hafi iðgjöld verið hærri en reiknað var með og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hafi verið undir áætlun.

b. Rekstraráætlun 2011

Næst fór Helga yfir rekstraráætlun og lagði fram skjalið „Áætlun 2011 – endanleg“. Til upplýsingar fyrir nýja stjórnarmenn fór Helga nokkrum orðum um það hvernig hún vinnur rekstraráætlunina og fór síðan yfir helstu tölur í skjalinu. Að hennar mati er þetta varfærin áætlun.

c. Ráðgjafakostnaður 2010

Helga dreifði næst skjali sem merkt var sem „algjört trúnaðarmál“ og varðaði kostnað við ráðgjöf sem samþykkt hafði verið af fyrrverandi formanni 2010. Þetta voru sundurliðaðar og nákvæmar upplýsingar sem nokkrir stjórnarmenn höfðu ítrekað beðið um án árangurs. Í máli Helgu kom fram að aldrei hafi staðið á henni að leggja fram þessar upplýsingar enda einfalt að taka þær saman.

Ástæða þess að algjör trúnaður verður að vera um þetta skjal, og að því var svo skilað aftur að lokinni umræðu, er sú að þar er að finna viðkvæmar viðskiptaupplýsingar þeirra fyrirtækja sem keypt var þjónusta hjá sem við þurfum að halda trúnað um.

Hildur Mósesdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson og Stefán Einar Stefánsson lögðu fram bókun.

Umræður.

Til upplýsingar fyrir nýja stjórnarmenn fór Helga loks stuttlega yfir og útskýrði fjárfestingastefnu VR eftir efnahagshrunið 2008. Sagði hún þetta vera varfærna stefnu sem hefði hagsmuni félagsmanna í fyrirrími. Ákveðið var að ræða þetta betur á næsta stjórnarfundi í ágúst.

Var Helgu þakkað fyrir hennar innlegg og vék hún svo af fundi.

3. **Breytingar á starfsreglum stjórnar**

Stefán Einar lagði fram og kynnti skjalið „*Vinnureglur stjórnar – drög* – „. Þetta eru vinnureglurnar með þeim breytingum sem gerðar voru í vinnuferð stjórnar í Skálholt. Það er tillaga Stefáns Einars að þetta verði samþykkt svona fyrir þetta starfsár en verði svo endurskoðað. Taldi hann þessar reglur skýrari og einfaldari en þær sem áður hafði verið stuðst við.

Umræður.

Stefán Einar bar nú vinnureglurnar upp til samþykktar.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. **Niðurstöður allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamninga**

Stefán Einar lagði fram tvö skjöl frá SKÝRRR með niðurstöðum úr allsherjaratkvæðagreiðslum um kjarasamningana, „*Atkvæðagreiðsla um kjarasamning VR/LÍV og Samtaka atvinnulífsins*“ og „*Atkvæðagreiðsla um kjarasamning VR og Félags atvinnurekenda*“. Báðir voru samningarnir samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta þ.e. um 88% atkvæða.

5. **Forsendur kjarasamninga**

a. **Almenn umræða um forsendur**

Stefán Einar skýrði frá því að blikur væru á lofti vegna kvótamálsins og verðbólguþáttar. Þetta verður skoðað á vettvangi ASÍ og mun formaður upplýsa stjórn eftir því sem fram vindur.

Umræður.

Rætt var um að semja ályktun gegn sérstökum skatti sem ríkisstjórnin hyggst setja á lífeyrissjóðina. Ákveðið að stilla upp texta gegnum tölvupóstsamskipti á morgun.

[Stjórnin sendi frá sér yfirlýsingu síðla dags 9. júní sem var svohljóðandi:

Vegið að lífeyrissjóðum

Stjórn VR harmar þá fyrirætlun ríkisstjórnar Íslands að leggja skatt á hreina eign þeirra sjóða sem falið er að ávaxta og varðveita lífeyrissparnað landsmanna. Með þessum áformum er ríkisstjórnin að veða að rétti þeirra sem byggja afkomu sína á greiðslum sjóðanna og ganga þvert á þau fyrirheit sem gefin voru í yfirlýsingu við undirritun kjarasamninga þann 5. maí síðastliðinn. Þar var því lofað að stefnt yrði að jöfnun lífeyrisréttinda í landinu en með framkominni tillögu er ríkisstjórnin að stíga í þveröfuga átt.

Stjórn VR getur ekki sætt sig við að vegið sé með þessum hætti að lífeyrissjóðum sem félagsmenn greiða til, ekki síst í ljósi þeirra réttindaskerðinga sem nú þegar hafa fallið á sjóðsfélaga hinna almennu sjóða. Stjórn VR skorar á ríkisstjórnina að draga tillögu sína til baka án nokkurra undanbragða.]

b. **Átak gegn svartri atvinnustarfsemi með SA og RSK**

Stefán Einar lagði fram fjögur skjöl: „Átak gegn svartri atvinnustarfsemi með SA og RSK“, „Átak gegn svartri atvinnustarfsemi með SA og RSK – minnisblað 30. maí 2011“, „Kjarasamningar 2011 – Úr Yfirlýsingu ríkisstjórnar tengd kjarasamningum 5. maí 2011“ og „Samstarfssamningur um vettvangsheimsóknir á vinnustaði“.

Um er að ræða átak þar sem stillt er upp teymi sem fer í vinnustaðaheimsóknir og kannar vinnustaðaskírteini og hvort nokkur svört atvinnustarfsemi eigi sér stað. Verkið er á forræði ASÍ og SA. Leitað hefur verið til Gunnars Böðvarssonar, um að taka að sér eftirlitshlutverk í teyminu fyrir okkar hönd. Verður gerður samningur um átaksverkefni vegna þessa við Vinnumálastofnun og ætti heildarkostnaður því að vera innan við eina milljón kr. Kynning á verkefninu fer fram þann 10. júní n.k. en vinnan fer svo af stað þann 14. júní. Voru fundarmenn á því að þetta væri okkur til sóma og mikil ánægja með verkefnið og aðkomu VR að því.

Samþykkt að við förum í þetta verk með öllum greiddum atkvæðum.

6. Niðurstöður LÍV-þings

Stefán Einar lagði fram minnisblað frá Stefaníu Magnúsdóttur, „Minnisblað

að loknu LÍV þingi 2011“ og fór lauslega yfir efni þess. Lagt á milli upplýsingar.

Virðing
Ráttæti

VR

7. Ráðning framkvæmdastjóra

Birgir Már, formaður launanevndar, sagði frá fundi nefndarinnar með formanni, varaformanni og ritara VR þar sem þau hefðu rætt og skoðað skiptingu verka milli formanns og framkvæmdastjóra. Komust þau að þeirri niðurstöðu að starf framkvæmdastjóra væri í óbreyttu fyrirkomulagi á starfsemi skrifstofunnar eitthvað nálægt 25% af starfshlutfalli og lagði hann fram tillögu, sem þau mótuðu í framhaldinu, með skjalinu „*Tillaga til stjórnar – Launanevnd ásamt formanni, varaformanni og ritara*“. Birgir fór yfir skjalið þar sem kom fram að þau leggja til við stjórn að formanni félagsins verði veitt umboð til þess að ganga frá ráðningu Helgu Árnadóttur, forstöðumanns rekstar- og fjármálasviðs félagsins, í starf framkvæmdastjóra VR.
Umræður.

Kom fram að Helga myndi þá í kjölfarið sitja alla stjórnarfundir.
Stjórnarmenn lýstu flestir yfir ánægju með þessa niðurstöðu.

Stefán bar þá tillögu launanevndar upp til samþykktar með þeim orðum að tillagan verði svo endanlega mótuð í ágúst.
Samþykkt með 12 atkvæðum – einn á móti.

8. Verkaskipting stjórnar

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Tillaga til stjórnar frá formanni – Verkaskipting stjórnar*“, dags. 8.júní 2011. Um er að ræða framhald á frekari verkaskiptingu umfram það sem ákveðið var á síðasta fundi. Fór Stefán Einar yfir skjalið og gerði grein fyrir þeim rökum sem voru á bak við uppstillingu nefndarmanna. Opnað fyrir umræðu.

Umræður.

Eyrún óskar eftir því að lagður verði fram listi yfir öll ráð og nefndir sem VR skipar í, fyrir næsta fund. Stefán Einar var sammála henni og vill láta taka þetta saman og reynir að hafa það klárt fyrir næsta stjórnarfund.

Á meðan umræður fóru fram voru gerðar nokkrar breytingar á hinum fram komnu tillögum sem loks voru þessar:

Gæðaráð

Fyrir hönd stjórnar: Stefán Einar Stefánsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Jafnréttisnefnd

Pálmey H. Gísladóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Benóný V. Benónýsson.

Ritnefnd

Fyrir hönd stjórnar: Eyrún Ingadóttir.

Úrskurðarnefnd

Árni Leósson, Elías G. Magnússon, Helga Árnadóttir.

Vefráð

Fyrir hönd stjórnar: Bjarni Þór Sigurðsson.

Samninganefnd

Stjórn og varastjórn VR, Elías G. Magnússon, Guðmundur B. Ólafsson, Kristín María Björnsdóttir, Guðrún Erlingsdóttir.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Starfsmenntasjóður FÍS

Teitur Lárusson, Úlfhildur Ragnarsdóttir (LÍV), varam. Stefán Einar Stefánsson.

Starfsmenntasjóður SA

Stefanía Magnúsdóttir.

Varastjórn Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna

Birgir Már Guðmundsson.

Fjölmiðlasambandið

Anna B. Siggeirsdóttir, varam. Steinunn Böðvarsdóttir.

Stefán lagði svo tillöguna fram til samþykktar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Starfskjör formanns

Launanefnd ákvað að kynna þetta í ágúst, í endanlegu formi, þegar að starfslýsingar formanns og framkvæmdastjóra liggja fyrir.

Málinu frestað.

10. Málefni atvinnuleysistrygginga

Árni lagði fram skjal „*Minnisblað 20. maí 2011*“ og fór yfir innihald þess.

Árni rakti að í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga í nýgerðum kjarasamningum hafi vaknað áhugi á því að VR tæki að sér það tilraunaverkefni með umsjón atvinnuleysistrygginga sem rakið er í yfirlýsingunni. Slík umsjón á sér áratuga sögu hjá VR og mikil reynsla og þekking er enn til staðar hjá félaginu á málaflokknum sem fór frá félaginu árið 2007.

Aðaldrífkrafturinn sé þó sá að það eru félagsmenn sjálfir sem hafa ákaft óskað eftir því að félagið taki aftur að sér umsjón atvinnuleysistrygginga.

Samþykkt að skoða þetta áfram og reyna að fá þetta í gegn.

11. Trúnaðarmenn á vinnustöðum

Endurkjör:

Páll Jóhann Kristinsson

Jón Ingi Kristjánsson

Lára Benediktsdóttir

Nýr:

Ingibjörg Einarsdóttir

Samþykkt.

Flugfélag Ísl. Egilsstaðir

Ingvar Helgason ehf.

Ásbjörn Ólafsson

Krabbameinsfélag Íslands

Fundi slitið kl. 22:47

Árni Leósson, fundarritari